

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1995

18. apríl 1995

529

Nr. 257

GJALDSKRÁ vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðar sem virtar eru fasteignamati skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorps.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 4.500 á ári fyrir íbúðarhúsnæði. Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sormagni. Sorphirðugjald er sem hér segir:

1. flokkur	kr.	4.500	2. flokkur	kr.	9.000
3. flokkur	kr.	18.000	4. flokkur	kr.	27.000
5. flokkur	kr.	36.000	6. flokkur	kr.	45.000
7. flokkur	kr.	54.000	8. flokkur	kr.	81.000
9. flokkur	kr.	108.000	10. flokkur	kr.	162.000

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytið, 18. apríl 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.